



# Fréttabréf Árskógar skóla

Leik- og grunnskóli, Árskógi, Dalvíkurbyggð

27. tölublað, 3. árgangur, nóvember 2014 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKkur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

## Vissir þú að....

fólk er að meðaltali 7 mínútur að sofna.

## Vísur í nóvember á Kötlukoti.

Í nóvember erum við að vinna með stafavísurnar um Ll og Nn. Hvað segja þessir stafir? Hvaða orð byrja á þessum stöfum? Endilega að skoða og ræða um þessa skemmtilegu stafi.

## Símanúmer


Aðalnúmer 460-4970

Skólastjóri 460-4971

Kötlukot 460-4973

Félagsheimili 460-4979

Lestur er bestur



## Kæra skólasamfélag

Gott fólk! Nóvember heilsar og skólastarf gengur vel, fullt af jákvæðum hlutum í gangi og við leggjum áherslu á að horfa á það sem vel er gert, vinnum strax með það sem þarf að laga og lærum af reynslunni. Við hvetjum ykkur til að koma í skólann, leika og læra með okkur. Allar góðar hugmyndir vel þegnar!

Kveðja frá skólastjórnendum, Hjördís Jóna & Gunnþór Eyfjörð G.

## Foreldraviðtöl grunnskólastigs

Mánudaginn 17. nóvember eru viðtöl á grunnskólastigi. Þennan dag mæta nemendur og foreldrar í viðtal til umsjónarkennara þar sem verður farið yfir nám og líðan. Foreldrar og nemendur fá spurningar viku fyrir (með matsmöppu sem eru valin verkefni úr náminu) sem á að svara heima og mæta með í viðtalið þar sem tækifæri gefst til að ræða það sem vel hefur gengið og hvað þarf að bæta. Viðtalstímar eru sendir út til foreldra viku fyrir.



## Eldri borgarar-ömmur og afar

Lengi hefur það verið á dagskrá að bjóða eldri borgurum á Ströndinni og ömmum og öfum (sem eru auðvitað ekki öll eldri borgarar) barnanna okkar að koma og spila við okkur, fá sér hressingu, skoða skólann og eiga góða stund saman. Nú er komið að því!

**Föstudaginn 21. nóvember** bjóðum við eldri borgurum og ömmum og öfum í heimsókn til okkar í skólann frá **kl. 12:00-13:30**. Miðar verða sendir í hús til áminningar.



Þetta verður gaman:-)

## Námfús

Í haust tókum við í gagnið nýtt kerfi sem heitir Námfús. Á Námfúsi ([www.namfus.is](http://www.namfus.is)) geta skólar haldið utan um ástundun, námsmarkmið, vitnisburð ofl. Samskipti skóla og foreldra, og á milli starfsmanna skóla eru auðveld og skilvirk. Það er mjög auðvelt að nota vefinn. Allir ættu að hafa fengið lykilorð og því getað skoðað sitt svæði. Ef ekki þá vinsamlegast sendið póst á [gunnthor@dalvikurbyggd.is](mailto:gunnthor@dalvikurbyggd.is) og ég sendi lykilorð.



### Símanúmer

Að gefnu tilefni langar okkur að benda á að þegar er verið að hringja og tilkynna um veikindi, frí, breytingar á skólavistun og annað sama hvort það er á leik- eða grunnskólastigi er nóg að hringja í eitt að eftirfarandi númerum.

Aðalnúmer 460-4970

Skólastjóri 460-4971

Kötlukot 460-4973

Endilega haldið áfram að hafa samband ef eitthvað er.

### Frá foreldrafélaginu

Nú fer að líða að árlegum piparkökubakstri foreldrafélagsins. Dagarnir sem fara í bakstur eru 18-20 nóvember. Byrjað verður að baka kl: 17. Foreldri mætir á eitt kvöld og mikilvægt er að mætingin verði góð því að margar hendur vinna létt verk. Nánara skipulag kemur fljótlega.

### Föt

Foreldrar eru hvattir til að fara að leggja sumarfötunum og mikilvægt er að hlýr fatnaður sé í boði sem og aukaföt þar sem það er svo vont að vera með blautar tær.

### Lús

Lúsín vinkona okkar er búin að vera ansi lífseyg hjá okkur núna í haust. Mikilvægt er að allir séu með augun opin og duglegir að kemma. Einnig er gott að vera með buff inni meðan við erum að koma í veg fyrir smit.

### Opnunartími og skóladagatal

Árskógar skóli er opinn alla virka daga frá 07:45-16:15.

Vinsamlegast kynnið ykkur [skóladagatal 2014-2015](#) svo allt sé á hreinu, viðburðir, lokanir!

Munið eftir [myndasafninu](#) á heimasíðunni <http://www.dalvikurbyggd.is/arskogarskoli/>



námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

## Viðburðadagatal nóvember 2014

Mánudagur    Þriðjudagur    Miðvikudagur    Fimmtudagur    Föstudagur    **Laugardagur**    **Sunnudagur**

 <p>Muna að lesa heima!</p>						1	2
3	4	5	6	7	8	9	
				Samvera á bókasafni kl.13 <sup>00</sup> um einelti>>	Baráttudagur gegn einelti 	Björn Rúnar 11 ára 	
10	11	12	13	14	15	16	
Matsmöppur grunnskólastigs Heim 		Skólalæping 12:10-13:30, heilbrigði og velferð 			Samvera á bókasafni 13 <sup>00</sup> í tilefni Dags ísl. tungu>	Dagur íslenskrar tungu 	
17	18	19	20	21	22	23	
Viðtöl grunnskólastigs Engin kennsla 	Petur Marinó 1 árs 			Eldri borgarar+ ömmur&afar í kaffi og spil 12-1330 			
24	25	26	27	28	29	30	
Björn Emil 7 ára 		Náttafatadagur Allir mega mæta í náttfötum 					